**Sþ.** **109. Fyrirspurn** [99. mál]

til fjármálaráðherra um staðgreiðslu búvara og afkomu afurðastöðva.

Frá Kolbrúnu Jónsdóttur.

1. Hversu há lán er fyrirhugað að ríkissjóður taki til þess að auðvelda staðgreiðslu búvara?
2. Með hvaða hætti verður fyrirgreiðsla til afurðastöðva:
   a. með auknum afurðalánum; ef svo er, á hvaða kjörum;
   b. með kaupum ríkissjóðs á mjólkurafurðum og kindakjöti;
   c. með beinum styrkjum; ef svo er, þá til hverra og með hvaða hætti?
3. Hefur verið gerð úttekt á afkomu afurðastöðva til að ganga úr skugga um hvort þær geti staðið undir ákvæðum nýrra laga um staðgreiðslu búvara? Ef slík úttekt hefur farið fram, hverjar eru þá niðurstöður hennar?

**Skriflegt svar óskast.**